I. Til iðnaðarráðherra um dreifingu raforkuvera.

Frá Inga Tryggvasyni.

Er ekki nauðsynlegt frá sjónarmiði almenns öryggis og atvinnuþróunnar að dreifa byggingu hinna stærri orkuvera um landið fremur en reisa fleiri stór orkuver á mjög takmörkuðu landssvæði?

II. Til iðnaðarráðherra um rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti.

Frá Inga Tryggvasyni.

a. Hefur farið fram rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti?
b. Hversu ítarleg er sú rannsókn, ef gerð hefur verið, og hver er niðurstaða hennar?

III. Til iðnaðarráðherra um gufuaflsvirkjun til rafmagnsframleiðslu.

Frá Inga Tryggvasyni.

a. Hefur verið gerð könnun á hagkvæmni nýrrar gufuaflsvirkjunar á háhitasvæðum í Suður-Þingeyjarsýslu?
b. Hver er niðurstaða þeirrar könnunar, ef gerð hefur verið?